

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 14/2003

frá 31. janúar 2003

um breytingu á XX. viðauka (Umhverfis mál)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 175/2002 frá 6. desember 2002 ⁽¹⁾.
- 2) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/529/EB frá 27. júní 2002 um spurningalista fyrir skýrslur aðildarríkjanna um framkvæmd tilskipunar 1999/13/EB um takmörkun á losun rokgjarnra lífrænna efnasambanda vegna notkunar lífrænna leysiefna við tiltekna starfsemi og í tilteknum starfsstöðvum ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr

Eftirfarandi liður komi aftan við lið 21aba (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/541/EB) í XX. viðauka við samninginn:

„21abb. **32002 D 0529**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/529/EB frá 27. júní 2002 um spurningalista fyrir skýrslur aðildarríkjanna um framkvæmd tilskipunar 1999/13/EB um takmörkun á losun rokgjarnra lífrænna efnasambanda vegna notkunar lífrænna leysiefna við tiltekna starfsemi og í tilteknum starfsstöðvum (Stjtið. EB L 172, 2.7.2002, bls. 57).“

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 38, 13.2.2003, bls. 44 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 9, 13.2.2003, bls. 28.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 172, 2.7.2002, bls. 57.

2. gr.

Texti tilskipunar 2002/529/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. febrúar 2003, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 31. janúar 2003.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

P. Westerlund

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

P.K. Mannes M. Brinkmann

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

